



UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Umsögn um tillögu íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis um örugga tengingu fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur yfir Kringlumýrarbraut:

Á fundi íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis, dags. 23. maí 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga og samþykkt að vísa til afgreiðslu umhverfis- og skipulagsráðs:

Lagt er til að íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis samþykki að beina því til Umhverfis- og skipulagsráðs að gerð verði örugg tenging fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur yfir Kringlumýrarbraut. Hugmynd þess efnis hefur endurtekið hlotið miklar undirtektir íbúa í verkefninu Hverfið mitt en ekki hlotið þar brautargengi vegna stærðar og tæknilegra annmarka innan ramma verkefnisins. Greinargerð fylgir tillögunni.

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 31. maí 2023 var tillögunni vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar.

Umsögn:

Stofnvegir eins og Kringlumýrarbraut eru í eigu og umsjón Vegagerðarinnar og eru því breytingar á stofnvegum ekki á forræði Reykjavíkurborgar. Með þeim breytingum sem eru framundan með tilkomu borgarlínunnar verða gerðar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja örugga tengingu fyrir m.a. gangandi og hjólandi á þeim grundvelli, verði talin þörf á.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Samgöngustjóri

Hjálagt: Afgreiðslubréf, dags. 24. maí 2023.